

MONITOR



FRÍTT
EINTAK


MAGNÚS SCHEVING ÍPRÓTTAÁLFUR OG VIÐSKIPTAJÖFUR ER ÍSLENSKI CLARK KENT

Náman leitar að vanmetnum snillingum

Síðasta keppni ársins í spurningakeppninni Gúglaðu betur fer fram annað kvöld á Facebook síðu Námunnar. Leitarvélafærni hefur aldrei verið jafn mikils metin því nú tvöföldum við vinningsféð. Fyrsti keppandinn til að svara rétt fær 20 þúsund krónur en annar heppinn keppandi fær einnig 20 þúsund krónur. Þannig getur snilldin borgað sig.

facebook.com/naman.landsbankinn

Steinþór Helgi Arnsteinsson er spurningahöfundur Gúglaðu betur.



Aldrei fór ég suður, alltaf skorti mig þor.
Hvert einasta sumar var því frestað, svo kom haust og svo vetur og vor.

BLEIK, LÍFLEG
MOTTAN



Klárar Mottu- mars með stæl

KJARTAN Á 30 SEKÚNDUM

Fyrstu sex: 300383.
Uppáhaldsmatur: Nautakjöt.
Uppáhaldsstaður í heiminum: Los Angeles.
Uppáhaldslitur: Blár.
Rakvélartegund: Wella rafmagnsrakvél.
Hefur ekki rakað mottuna síðan: Um miðjan febrúar.

Mynd/Sigurgeir

Mottumars lýkur í dag en **Kjartan Valur Guðmundsson** endar Mottumars þetta árið með skærbleika mottu sem hann bindur vonir við að komist í tísku

„Ég byrjaði á Hulk Hogan-stílnum, ég aflitaði sem sagt mottuna en það var aðallega upp á húmorinn, fólk hafði hvatt mig til að gera það. Síðan skoraði félagi minn á mig að taka þetta skrefinu lengra og líta hana bleika og setti inn „status“ á Facebook með þeirri áskorun. Ég samþykkti að gera það ef hann næði að safna 150 „lækum“ en áður en ég vissi af voru yfir 200 manns búnir að „læka“,“ segir Kjartan Valur Guðmundsson, maðurinn sem gengur um götur bæjarins með bleikt yfirvaraskegg. „Eftir þessi viðbrögð var náttúrulega komin ansi mikil pressa að láta af þessu verða en auðvitað er þetta fyrst og fremst bara upp á góðan málstað. Ég þekki nokkra sem hafa dáið úr krabbameini svo mig langaði að taka þátt í að vekja enn frekari athygli á málstaðnum,“ bætir hann við, en hvernig viðbrögð hefur hann fengið við mottunni? „Það var helvíti fyndið að mæta í ræktina með Hulk Hogan-mottuna, maður fékk nokkrar athugasemdir út á hana þar. Eftir að ég litaði hana bleika hafa síðan til dæmis

krakkar verið að benda á mig úti á götu. Ég æfi í Sporthúsinu og þar höfðu Egill „Gillz“ og félagar orð á því að það þyrfti pung til að gera svona lagað, svo ég hef bara fengið skemmtileg viðbrögð.“

Bleikar mottur í tísku

Kjartan segist einnig hafa safnað mottu í fyrra en segir hana þó ekki hafa verið jafnveglega. Mottumars lýkur í dag svo Kjartan var spurður álits á þátttökunni í áttakinu. „Mér fannst ekki alveg jafnmargir taka þátt og ég hefði búist við, að minnsta kosti ekki nógu margir í kringum mig. En þar sem söfnuninni er að ljúka vil ég bara hvetja fólk til að fara inn á mottumars.is og leggja málefnum lið áður en það er um seinan,“ bætir hann við en býst hann við að bleika mottan sé komin til að vera? „Já, eigum við ekki að segja það? Ég held að þetta verði nýjasta tískan.“

elg

MMM

MONITOR MÆLIR MEÐ...

FYRIR HEILSUNA

Monitor trúir því að vorið sé handan hornið, þótt veðrið beri ekk allt þess merki, og því er um að gera að vipa fram hlaupaskónum og fara að út að skokka.

Þótt það geti verið árangursríkt að puða í spinning og ræktarsal, þá er nauðsynlegt að hreyfa sig líka úti í ferska loftinu.



FYRIR UNGA FÓLKID

Á föstudaginn mætast tvö sterkustu liðin í **Gettu betur** í vetur, lið Kvennó og MR, í úrslitaviður-eigninni en þessi sömu lið mættust í úrslitum í fyrra.

Þá höfðu Kvennó betur en það er næsta víst að barist verður um Hljóðnemann fræga alveg til síðasta viskudropa.



FYRIR AUGU OG EYRU

Á laugardaginn kl. 17 fer **Úrslitakvöld Músíktílauna** fram en þar bitast tíu hljómsveitir um vinningssætið eftirsóknarverða. Í fyrra fór hljómsveitin Samaris með sigur af hólmi en þennan viðburð ætti enginn áhugamaður um íslenska grasrót-artónlista að láta framhjá sér fara.



Vikan á facebook



Aron Gunnarsson það er vangefið gott veður hérna í cardiff, var að reyna plögga mynd hérna en virkar ekki.. sit úti garði í rólegheitum á kassanum, STRAX bruninn á öxlunum.. hvernig er þetta heima annars? 28. mars kl. 14:59



Steindi Jr. Kæru vinir, tókur hefjast á Steindanum okkar seríu 3 í byrjun apríl og við erum að leita að aukaleikum. Erum að leita að fólki á öllum aldri. Ef þú hefur áhuga, sendu okkur þá nafn-mynd-og hvaða tími hentar þér best á steindinnokkar3@gmail.com ...Lengi lifi gott grín grín 28. mars 14:42



Ragnhildur Steinunn Jonsdóttir Fjölskyldan komin til Dubai eftir langt og strangt flug frá Kuala Lumpur :) Verð að viðurkenna að ég velti fyrir mér í gær hvort við værum búin að vera allf of lengi erlendis þegar Eldey sagði „Mamma sjáðu monkey“ og benti á apa!!!! 28. mars kl. 13:58



Atli Fannar Bjarkason Versti ótti minn? Að rekast í takka og hringja óaðvítandi í einhvern á meðan ég syng í bílnum. Í öðru sæti: Flugslýs. 25. mars 16:24

HEITASTI BLAÐINU

4 Nítján keppendur keppa í hæfileikum annað kvöld í **Hæfileika-keppni Íslands**.



7 Íþróttálfurinn **Magnús Scheving** er stoltur af íþróttanamminu og **Latabæ**.



9 Aldrei fór ég suður er aðra helgi og því má finna aukablað í miðju **Monitor** í dag.



18 Stíllinn kíkta á **Ingu Rán** og fékk hana til að klæða sig fallega upp.



Efst í huga Monitor

Fá eina hrós í dós

Það fór ekki á milli mála í síðustu viku að við hér hjá Monitor

nutum þess virkilega að verja tíma með Vigdís Finnbogadóttur. Í kjölfarið af útgáfu blaðsins bárust okkur fjölmargir póstar og símhringingar þar sem fólk var duglegt að hrósa okkur fyrir að hafa þessa frábæru konu á forsiðu. Fólk sem ég hitti á förnum vegi tók í sama streng og það sama á við um fólk sem vinnur hjá öðrum miðlum hér í Hádegismónum.

Okkur þykir ótrúlega vænt um að fá allt þetta hrós. Hrósið fékk okkur til að líða betur og það var okkur mikil hvatning til fleiri góðra verka. En það sem ég held ennfremur er að þeim einstaklingum sem höfðu fyrir því að hrósa okkur hafi liðið sjálfum vel í kjölfarið. Það er



nefnilega alls ekki sjálfsgott að fá hrós og eins getur það reynst mörgum erfitt að gefa hrós. En maður þekkir það af eigin reynslu þegar maður hrósar einhverjum af einlægni og það yljur viðkomandi um hjartarætur að manni líður ósjálfrátt sjálfum vel.

Hrósið er jú næsti bær við góðverk og þegar maður gerir góðverk þá framleiðir heilinn sama efni og hann gerir þegar við verðum ástfangin. Og þeir sem hafa orðið ástfangnir vita nú hve dýrleg sú tilfinning er. Væri því ekki upplagt að hafa þetta á bak við eyrað með hrósið og góðverkið og halda út í daginn með það að markmiði að hrósa einhverjum af einlægni eða gera góðverk?

Það styttist í páska, JR

MONITOR@MONITOR.IS Ritstjóri: Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is) Framleiðslustjóri: Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is) Blaðamenn: Einar Lövdahl Gunnlaugsson (einar@monitor.is) Þórhildur Þorkelsdóttir (thorhildur@monitor.is) Umbrot: Monitorstaðir Auglýsingar: Auglýsingadeild Árvakurs (augl@mbl.is) Forsíða: Ozzo Myndvinnsla: Hallmar Freyr Þorvaldsson Útgefandi: Árvakur Prentun: Landsprent Sími: 569 1136




GUÐBJÖRG ELÍSA HAFSTEINSDÓTTIR

27 ára frá Hafnarfirði

Syngur Whitney Houston-lagið I Will Always Love You

Guðbjörg er söngkona og húsmóðir, keppti í Idolínu á sínum tíma og hefur reynt nokkuð fyrir sér sem söngkona. Hún á tvö börn og elskar hraðakstur og söng og dreymir um að eignast mótörhjól. Guðbjörg segir Jesú Krist og Allah vera fyrirmyndir sínar sem hafi náð langt í tónlist.



JÓN STEFÁN FRÍÐRIKSSON

18 ára frá Reykjanesbæ

Flytur rokkútgáfu af Canon

Jón er nýorðinn átján ára og nýtti sér nýfengið sjálfræði og skráði sig til leiks. Hann elskar beikon, egg og Manchester United og stefnir alla leið. Hann dreymir um að meika það í Bandaríkjunum þar sem hann segir tónlistarstefnuna sem hann aðhyllist ekki njóta sannmælis hér á landi. Fyrirmyndir hans í tónlist eru Angus Young, Jason Becker og eldri bróðir hans.

Hæfileika-leikarnir hefjast loks

Monitor hleraði þátttakendur í Hæfileikakeppni Íslands sem hefist annað kvöld á SkjáEinum.



PALLI JÓJÓ

– Páll Valdimar Guðmundsson Korka

20 ára frá Hafnarfirði

Leikur listir með jójó

Uppáhaldslistur Palla jójó er bleikur. Það myndasta sem hann hefur lent í er að slá af sér gleraugun í miðju atriði á Evrópumeistaramótinu í jójó. Hann dreymir um að vera frægur í jójó-bransanum eða bara þess fyrir utan.



MAGNÚS ÞORRI SIGMUNDSSON

13 ára frá Reykjavík

Sýnir spilagaldur

Magnús er mikill og hæfileikaríkur snillingur sem segist vera fljótur að læra nýja hluti. Hann er glaðlyndur að eðlisfari en hann óttast „pop-up“-síður sem innihalda bregðuatriði mest í lífinu. Hann stefnir á að verða atvinnutöframaður.



SÖNGHÓPURINN AÐ EILÍFU EINAR

15-16 ára úr Reykjavík

Syngja lagið Pricetag

Sönghópurinn Að eilífu Einar samanstendur af fimm frábærum stelpum. Ein þeirra spilar á gítar en hefur aldrei stundað neitt tónlistarnám, þrjár þeirra syngja og radda og ein spilar á hristur til að toppa þetta. Stelpurnar taka fram að nafn hópsins sé ekki tengt neinum fráföllum kærasta eða neitt slíkt heldur sé það algjört bull.



ELÍSABET BALDURS-DÓTTIR

13 ára frá Akureyri

Syngur Halo með Beyoncé

Elísabet er hæfileikarík stúlka sem kemur sér oft í klandur. Henni finnst gaman að fara á skíði en ekki alveg eins gaman að festast í stólalyftunni og fara aftur niður með henni eins og hún lenti í um daginn. Elísabet segir systur sína vera sína helstu fyrirmynd og hún segist þola gagnrýni vel, bróðir hennar sér til þess.



MARGRÉT ÝR AUSTMANN

14 ára úr Reykjavík

Grætur mjólk

Einu sinni lenti Margrét í því að svelgjast á og vökvinn sem hún var að drekka kom út um augun á henni. Síðan þá hefur hún prufað þetta meðal annars með kók og slær í gegn hvar sem hún kemur. Hún drekkur aðeins léttmjólk en ekki nýmjólk og grætur því aðeins léttmjólk. Hún segir mjólk vera góða fyrir augun og þetta vera sársauka-laust, þótt stundum komi loftbólur.



AREA OF STYLEZ

16-27 ára frá Reykjavík

Dansa breikdans við Omen með The Prodigy

Area of Stylez eru tíu ferskir strákar með taktinn í blóðinu. Þeir stefna á að bæta sig enn frekar í dansinum, fara að kenna dans og keppa á erlendri grundu. Strákarnir hafa verið vinir í þó nokkurn tíma en ákváðu að skella sér í breikdans eftir að hafa horft á kóreska auglýsingu á YouTube með mögnuðum breikdansi. Eftir það var ekki aftur snúið.



ÍSOLD GUÐLAUGS-DÓTTIR

21 árs úr Reykjavík

Syngur frumsamið lag með gítar sem heitir Letting You Go

Ísold vinnur á Café Paris og notar frítímann í að semja lög. Hún spilar bæði á gítar og píanó. Hún hefur alltaf sungið en er nýbúin að uppgötva að hún geti gert eitthvað með það og er því nýfarin að þora að koma fram eftir áralanga sturtusöngva og gítarpartí.



TOO HOT TO HANDLE?

THE ORIGINAL
**TYRKISK
PEBER**



HELGI ÞORKELL EYJÓLFSSON

26 ára frá Reykjavík

„Gítartappar“ lagið Airtap

Fyndnasta reynsla Helga var þegar hann setti sjálfskiptan bíl óvart í hlutlausan á fleygiferð út á flugvöll með danskri fyrrverandi kærustu sinni. Helgi áttaði sig ekki hvað væri að, opnaði húddið og sagði: „Mín bíl er dæd.“ Þá fattaði hann að bíllinn væri í hlutlausum, smelli í gir og brunaði af stað. Helgi segist sjá eftir því að hafa ekki haldið kúlinu, kíkt undir húddið og sagt: „Jeg har klar det, vi kan gå nu.“



SÓLVEIG STEINUNN PÁLSDÓTTIR

Setur á svið „pole fit“-sýningu við lagið Dance Without You

21 árs frá Reykjavík

Sólveig er orkusprengja og finnst leiðinlegast að vera veik heima. Hún er jákvæð að eðlisfari og óttast köngulær. Það fyndnasta sem Sólveig hefur lent í er að heyrna mómmu sína reyna að gera sig skiljanlega við spænskan þjón með því að tala íslensku með spænskum hreim.



JÓHANNES PATREKSSON

11 ára frá Garðabæ

Bítboxar

Jóhannes er hress strákur sem bjó um tíma með fjölskyldu sinni í Þýskalandi. Þar lenti hann stundum í tungumálavanda eins og þegar hann fór í afmæli hjá bekkjarfélagi sínum með pakka og óskaði honum til hamingju með afmælið á þýsku eftir að hafa lært það sérstaklega í tilefni dagsins – nema að það var ekkert afmæli. Jóhannes hlær enn mikið að því og bítboxar inn á milli.



EVA MARGRÉT EIRÍKSDÓTTIR

19 ára frá Reykholti

í Borgarfirði

Syngur Angels með Robbie Williams

Eva Margrét elskar útreiðar, að syngja og elda en hún töfrar fram unaðslegt pasta þegar hún er í stuði. Hún segist líta upp til margra en vilji frekar líkjast sjálfri sér en öðrum, þó það sé alltaf gott að líkjast mömmu.



ARON HANNES OG SILVÍA RÚN

15 og 29 ára frá Grundarfirði

Syngja Robbie Williams-lagið Angels með píanóundirspili

Systkinin Silvía og Aron skráðu sig upphaflega til leiks til að vinna milljónina og gefa ömmu sinni og afa peningana fyrir nýjum bíl en bíl þeirra var stolið í lok síðasta árs. Bíllinn var þó endurheimt en var þá í slæmu ástandi sem þýðir að þau komast ekki nema rétt á milli húsa á honum og alls ekki í bæinn að heimsækja barnabörnin söngelsku.



MARÍA AGNESAR-DÓTTIR

11 ára frá Mosfellsbæ

Syngur Forget You með Cee Lo Green

María heldur með Liverpool og segist vera fjót að læra nýja hluti. Hún stefnir á að verða söng- og leikkona en hennar helsta fyrirmynd er hin geysivinsæla söngkona Selena Gomez.



STEFÁN MAREL HAFÞÓRSSON

17 ára frá Akureyri

Syngur Ég vil fá mér kærustu sem Hjálmar gerðu frægt

Stefán syngur lagið Ég vil fá mér kærustu í órafmögnum búningi. Þetta er uppáhalds íslenska lagið hans en hann er þó ekki að auglýsa eftir konu. Hann er ýmsu vanur en árið 2009 tók hann þátt í uppfærslu Lundaskóla á söngleiknum Grease sem Danny Zuko, sem honum finnst eftir á að hyggja ekkert sérstaklega töff.



BJARTMAR ÖRNUSON

23 ára frá Akureyri

Kastar keilum og boltum af mikilli list

Bjartmari leiðast stjórnmál en kann að meta hálfu sem er ágætt þegar fólk býr á Akureyri. Hann hefur nefnilega tekið eftir því að með því að ganga í hálfu geta orðið til hin bestu dansspor.



AXEL VALUR DAVIDSSON DIEGÓ

24 ára frá Reykjavík

Sýnir sirkuskunstir

Axel er mjög þolinmóður sem er mikilvægt í sirkusbransanum enda þarf ansi oft að margendurtaka atriðin áður en þau takast. Hann elskar sushi, sirkuslíf, myndlist og dans. Ekkert óspennandi við það!



SIGRÚN VALA VILMUNDAR-DÓTTIR

23 ára frá Selfossi

Syngur I Will Always Love You með Whitney Houston

Sigrún elskar lambakjöt en þolir ekki karlrembu og neikvæðni. Hún byrjaði að syngja og semja aðeins fjögurra ára gömul og fór fimm ára í tónlistarskóla. Hún á nú mánaða strák sem er strax farinn að raula með mömmu sinni.

Maður á að hugsa stórt

Magnús Scheving er alltaf á fullu en getur sofnað hvar sem er. Hann sagði **Monitor** frá framtíð Latabæjar, ógleymanlegum upplifunum sem Íþróttálfurinn og einvígi í beinni útsendingu við Ólympíumeistara í fimleikum.

Málið er að það er ekki leti að hvíla sig. Þú ert latur þegar þér er orðið alveg sama um eitthvað. Að því leytinu til er ég aldrei latur.“ Þannig skilgreinir Magnús Scheving, höfundur Latabæjar, leti. Þegar bón Monitor um að fá Magnús í viðtal fékk grænt ljós dreif undirritaður sig beinustu leið í ræktarsal enda bjóst blaðamaður allt eins við að þurfa að taka viðtalið á miðju skokki um Seltjarnarnesið eða standandi á höndum. Raunin varð þó önnur, Íþróttálfurinn og blaðamaður settust saman á veitingastað í miðbæ Reykjavíkur.

Það hefur trúlega ekki farið framhjá mörgum þegar fjölmiðlarisinn Turner festi kaup á Latabæ í haust. Ljóst er að kaupin auka möguleika Latabæjarvörumerkisins talsvert enda heyra sjónvarpsstöðvar á borð við Cartoon Network, Cartoonito, CNN og TNT undir Turner. Það var því ekki annað að sjá en að þessi orkuríki viðskiptafrumkvöðull væri fullur bjartsýni þegar hann settist niður með blaðamanni Monitor.



Texti: Einar Lövdahl

Myndir: Ozzi

Það er á allra vitorði að þú ert með uppteknari mönnum og ég hef einhvern tímann heyrt að þú sofir þrjá til fjóra tíma á sólarhring. Eru það ýkjusögur?

Jú, það eru ýkjusögur. Ég viðurkenni samt að það er ekki endilega alltaf sofíð mikið en það er meðal annars vegna þess að ég ferðast svo mikið. Ég nota tímann í flugvél til að sofa, en þetta eru oft löng flug svo það er ekkert vesen. Ég get reyndar sofnað hvar sem er. Ég get sofnað standandi í röð eða hjá tannlækni og svo sef ég oft í klippingu.

Latibær gengur í einföldu máli út á það að fá börn til að hreyfa sig. Eitthvað segir mér að þú hafir ekki verið latur krakki. Hvernig krakki varst þú?

Ég hef aldrei verið neitt sérstaklega góður í neinu og var svona meðalgóður í öllu sem krakki. Sem barn hafði ég samt alltaf voðalega mikla orku og hef alltaf haft. Þegar ég var lítill hljóp ég með símskeyti frá fimm ára aldri til níu ára. Ég ólst upp í Borgarnesi og þar áttu ekki allir síma svo ég skaut á milli með símskeyti og sagði fólki að það væri síminn til þeirra. Ég var oft jafnvel að hlaupa sex kílómetra leið nokkrum sinnum yfir daginn, sem er löng leið að fara fyrir gutta. Ég man að ég borðaði alltaf rífsber sem ég tók af runna á leiðinni og man enn eftir konunni sem bjó í húsinu við runnann því hún var alltaf að banka á gluggann þegar ég var að tína berin. Ég borðaði sem sagt íþróttanamma á meðan ég hljóp með skeytin.

Þú gerðir gardinn frægan í þolfimi á árum áður. Í dag eru greinar eins og Crossfit og Boot Camp meira í tísku. Ef þú værir að velja þér íþróttagrein núna til að stunda á keppnisstigi, myndir þú þá velja þolfimi aftur?

Ef Crossfit og Boot Camp væru lyfjaprófuð, þá myndi ég kannski prófa að velja þær en annars ekki. Ég held að það sé algjörlega nauðsynlegt að það séu lyfjapróf í keppnisíþróttum, annars er ekkert að marka þær.

Þegar hugmyndin að Latabæ fæddist, fannst þú þá fljótt á þér að þetta gæti sprungið jafnrosalega út og raun hefur borðið vitni eða átti þetta bara að verða barnabók hér á Íslandi?

Þegar ég fór af stað með Latabæ hugsaði ég strax: „Getur þetta verið meira en bara bók? Getur þetta orðið vörumerki? Getur þetta verið lífsstíll? Getum við verið með veitingahús eða skemmtigarð?“ Það er vissulega margt á teiknaborðinu okkar þessa stundina en upphaflega hugsaði ég ekki endilega að ég ætlaði mér að gera þetta allt, heldur hugsaði ég meira út í hvort ég hefði valmöguleikana til þess. Ég held að maður eigi að hugsa stórt í byrjun en taka það í skrefum. Ekki er gott að ofmetnast, það er nauðsynlegt að byrja á að vinna héraðsmótið, svo vinnur maður kannski Íslandsmótið, svo Norðurlandamótið og hver veit nema að síðan vinnir þú Evrópu- eða heimsmeistaramótið. Það er nauðsynlegt að hugsa svona því það tekur langan tíma að byggja upp fyrirtæki.

Fyrirtækin eða vörumerkin sem við erum að keppa við núna eru vörumerki eins og Winnie the Pooh sem er tæplega 80 ára gamalt vörumerki. Við erum eiginlega yngst þarna.

Á undanförmum áratugum hefur íslenska þjóðin birst ofarlega á listum yfir feitustu þjóðir Evrópu. Eru Íslendingar hættulega latir?

Við Íslendingar innbyrðum mikið magn af sykri. Nammibarirnir í matvöruverslunum eru alltaf troðfullir og við Íslendingar drekkum mjög mikið af sykrudum drykkjum eins og gosi. Hér tíðkast heldur ekki svo mikil útivera því veðráttan býður ekki upp á það að neinu ráði nema kannski á sumrin og þar að auki er minni áhersla lögð á hreyfingu í skólum í dag heldur en áður fyrr. Þó svo að margir Íslendingar taki á því í ræktinni þá hefur almenn hreyfing hjá fullorðnu fólki minnkað frá því áður því það er náttúrlega minna um líkamlega vinnu. Það að vera alltaf í ræktinni er heldur ekki beint lífsstíllinn hjá hinum almenna Íslendingi. Þrátt fyrir þetta er ég viss um að Íslendingar eigi eftir að verða miklu heilbrigðari, þetta tekur bara sinn tíma.

Annars finnst mér mikilvægt að krakkar eigi aldrei að hafa áhyggjur af offitumálum og því hvernig þau líta út. Það erum við fullorðna fólkið sem berum ábyrgð á þessu, við kaupum matinn. Verslunarkeðjur bera einnig ábyrgð ásamt matvöruframleiðendum, skólasmötuneytum og svo stjórnmalá mönnum. Því miður er þetta ekki í góðum málum en þetta ræðst af rosalega mörgum ákvörðunum sem eru teknar af rosalega mörgum einstaklingum sem eru ekki samhæfðar. Það hefur enginn stjórnmalamaður áhuga á þessu af því að heilsa kemur ekki fram fyrir en nokkrum árum eftir

að brugðist er við vandanum. Stjórnmalamaðurinn vill bara fá atkvæðið þitt í dag og hugsar út frá því.

Í haust keypti fjölmiðlarisinn Turner Latabæ og nú er allt á fullu hjá þér við framleiðslu þriðju þáttaradar. Hvernig horfir við þér að eiga að leika Íþrótaálfinn áfram fram yfir fimmtugt?

Í samningunum við Turner settu þeir það sem skilyrði að ég yrði forstjóri áfram og héldi hugsjónum okkar til streitu en líka að ég yrði áfram í Íþrótaálfsbúningnum. Þá runnu auðvitað á mann tvær grímur til að byrja með því ég er kominn á þann aldur að ég get ekki endalaust farið í splitt. Þá dugði bara eitt, að fara að æfa sig, svo ég dreif mig í æfingabúðir í fjórtán daga þar sem ég æfði tvisvar á dag samhliða því að skrifa handrit. Ég kom bara ansi vel undan því og er bara í hörkuformi þannig að núna treysti ég mér alveg leikandi til að taka þrjú ár í viðbót í sjónvarpsþáttunum. Hinsvegar er hægt að segja frá því að við erum með marga Íþrótaálfa um allan heim og margir þekja Dýra Kristjáns herna á Íslandi sem hefur verið mjög duglegur að skemmta um allt land í búningi Íþrótaálfinsins. Ég held að það verði mjög áhugavert að gera þessa þriðju seríu.

Svo eru Turner reyndar búnir að segja að þeir vilji fara í seríu fjögur, Latabæj-arbíómynd og svo seríu fimm. Ég sé ekki fram á að fara úr búningnum í brád en ég verð samt að passa mig að vera ekki of lengi í honum. Við finnum vonandi annan Íþrótaálf bráðum.

Ég ætlaði reyndar aldrei að leika Íþrótaálfinn í upphafi. Þegar við byrjuðum á þessu öllu saman fyrir tíu til fimmtán árum þá fannst bara enginn annar í þetta. Ég tók það að mér og sé nú ekki eftir því, fyrir vikið hef ég átt ógleymanlegar stundir með börnum úti um allan heim. Ég hef því lært gríðarlega mikið af því að leika Íþrótaálfinn.

Hverjar þessara ógleymanlegu stunda ber helst að nefna?

Það er auðvitað ótrúlegt að upplifa það að mæta á flugvöllinn í Chile og þangað mæta þúsundir barna til að hitta þig og þú labbar á höndum út úr flugstöðvarbyggingunni. Það er ótrúlegt að hitta tveggja ára börn í Argentínu sem vita allt um Latabæ. Það er ótrúlegt að upplifa að Latibær sé eitt vinsælasta leikverk sem Íslendingar hafa nokkurn tímann sett á svið erlendis, um ein og hálf milljón manna hefur séð leikritið. Í Bretlandi hafa 40.000 manns mætt yfir eina helgi til að sjá Latabæ og það eru tölur sem rokkhljómsveit á heimsmeilkarvarða gæti verið stolt af.

Íþrótaálfurinn er sem sagt átrúnaðargod barna úti um allan heim.

Já, þetta hefur einnig verið mjög gefandi. Ég hef jafnframt oft verið beðinn um að heimsækja spítala á vegum Make-A-Wish Foundation. Þar hef ég hitt alveg ótrúlega hugrakka krakka sem sumir áttu bara nokkrar vikur eftir þegar ég hitti þá. Það að fljúga yfir hálfan heiminn með epli í höndunum til að gleðja veikt barn getur tekið virkilega á. Eina skiptið sem ég hef nánast brotnað niður tengist svona reynslu. Þá heimsótti ég strák á spítala og þegar ég mætti var hann klæddur í Íþrótaálfsbúning. Læknirinn hans hafði sagt mér að hann ætti ekki mikið eftir en hefði óskað þess að hitta Íþrótaálfinn, strákurinn var þá á líknardeild og vildi endilega sýna mér herbergið sitt. Hann sýndi mér rúmið sitt svakalega stoltur, enda voru þetta Íþrótaálfsrúmöt og mynd af Íþrótaálfnum um alla vegg. Ég eyddi með honum heilum degi og á meðan var öll fjölskylda stráksins grátandi að taka upp myndband. Þetta var eitthvað það alerfiðasta sem ég hef gert. Við gáfum þessum strák skó Íþrótaálfinsins og sendum honum sérstakan svona tíu-kristal, eins og Íþrótaálfurinn er með á brjóstinu, og strákurinn var jarðsöngunni í búningnum.

Svípa Íþrótaálfssæfingabúðir til þess þegar þú undirbjóst þig fyrir mót í þolfimi áður fyrr?

Ég hef alltaf sagt að heimsmeistarakeppnin í þolfimi var alveg frábær upphitun fyrir það að leika Íþrótaálfinn. Ég held að tórinn þegar við tókum upp 43 þætti af Latabæ hafi verið miklu erfiðari heldur en 7.000 heimsmeistaramót samanlögð.

Nú eru til menn úti um allan heim sem leika Íþrótaálfinn eða Sportacus. Eruð þið allir saman í stéttarfélagi?

Já, það mætti eiginlega segja það (hlær). Allir þessir

menn þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði, þetta er ekki auðvelt. Ef Íþrótaálfur brosir of mikið, þá lítur hann út fyrir að vera heimskur en ef hann brosir of lítið, þá lítur hann út fyrir að vera fúll. Ef hann er of vöðvasteltur, þá er hann líklega á einhverju öðru en grænmeti og ef hann er með of lítið af vöðvum þá er hann bara eins og einhver písl. Þetta er vandasamt. Ég þjálfaði til dæmis fjóra í Búlgaríu eftir að ég sá hvað Íþrótaálfurinn er vinsæll þar í landi en 20.000 manns komu að sjá hann í verslunarmiðstöð með þeim afleiðingum að það þurfti að loka henni.

Hvað er það fyndnasta sem þú hefur lent í á heimsflakkinu?

Mér var boðið í rúmenskan spjallþátt og fékk stykki til að setja í eyrað á mér svo ég skildi nú út í hvað rúmenski spyrillinn spyrði mig. Ég geng inn á settið, þar er lifandi hljómsveit, áhorfendur í sal og ég geng meira að segja inn á höndum og sest hjá spyrilinum. Svo byrjar hann að tala (bullar á plat-rúmönsku) en ég heyrir hins vegar bara suð í eynastykkinu og engin orð nema bara „welcome“. Þarna sat ég og þurfti að svara svona fimmtán spurningum í beinni útsendingu án þess að skilja orð um hvað maðurinn var að tala, það voru bara skruðningar í eyranu á mér. Áður en ég vissi af gekk ungur strákur inn í salinn og ég var fenginn til að standa upp og ganga til hans. Þá heyrir ég allt í einu orðin: „Sportacus! Showdown!“. Í sömu andrá sé ég fjölmiðlafulltrúann minn ganga út úr stúdíóinu grenjandi úr hlátri því þá var sem sagt búið að ákveða að ég og þessi strákur ættum að fara í einhvers konar fimleikaeinvígi í beinni útsendingu. Þessi strákur var sem sagt Ólympíumeistarinn í fimleikum frá því á síðustu ÓL í Kína. Þetta var algjör hryllingur.

Þegar við vorum að keyra heim af þessu þá hringir mamma einnar rúmensku konunnar í hana og segir: „Voðalega er þetta góður maður þessi Sportacus. Hann svaraði spurningunum öllum svo vel og leyfði síðan stráknum að vinna í þokkabót!“ (hlær). Ég slapp þarna naumlega fyrir horn. Síðan þá hefur þessi strákur, Ólympíumeistarinn, sent mér bréf þar sem hann spyr hvort hann megi leika Íþrótaálfinn þar í landi.

Á dögunum fenguð þið Batman-búningasérfræðingana til að fara yfir búning Íþrótaálfinsins, ekki satt?

Jú, hugmyndin þar var að gera búninginn ofurhetjulegri þannig að það væri meira um tæki og tól á honum. Við vildum til dæmis að hann fengi bakpoka á bakið fullan af tækjum og hann er í raun núna orðinn meiri hasarhetja. Við athuguðum hverjir væru bestir í heiminum í svona búningahönnun og settum okkur í kjölfarið í samband við Ironhead Studio sem hafa gert Batman-búningana eiginlega alla og sömuleiðis búninga á borð við Catwoman og X-Men.

MAGNÚS Á 30 SEKÚNDUM

Fyrstu sex: 101164.

Uppáhaldsmatur: Sushi.

Uppáhaldsstaður í heiminum: Róm.

Uppáhaldsbílagund: Þessi er erfið. Ég myndi segja Benz 1955 300SL Goldwing.

Uppáhaldsperóna í Latabæ: Glanni glæpur, annars hefði ég ekkert að gera.

Æskuátrúnaðargod: Bruce Lee, Rúnar Júl og Ómar Ragnarsson.



500 milljónir heimila sjá Latabæ.

1964
Fæddur þann 10. nóvember.

Elst upp í Borgarnesi.

1992
Krýndur Íslandsmeistari í þolfimi karla.



1994
Verður Evrópu-meistari í þolfimi og er jafnframt útnefndur Íþróttamaður ársins. Ári síðar ver hann Evrópu-meistararátitilinn.

1995
Bókin Áfram Latibær! er gefin út sem reynist upphafið að Latabæjar-ævintýrinu.



2005
BBC kaupir réttinn til sýningar á Latabæ innan Bretlands.

2011
Fjölmiðlarisinn Turner festir kaup á Latabæ.



2012
Prýðir forsiðu Monitor þann 29. mars.

Þær rúmensku lofa góðu



The Vintage Caravan unnu Global Battle of the Bands um daginn og hyggjast nú toppa sjálfa sig á **Aldrei fór ég suður**-hátíðinni sem haldin er á Ísafirði aðra helgi



ÓSKAR LOGI

Fyrstu sex: 150894

Áhrifavaldar: Led Zeppelin, Rush og Trúbrot.

Uppáhaldsplata: Lifun með Trúbrot.

Uppáhaldslag: Mest spilað á iTunes er Circumstances með Rush.

Uppáhaldsmatur: Sveittur Búllu-borgari.

Aðrir meðlimir: Páll Sólmundur H. Eydal, bassi og Guðjón Reynisson, trommur.

Þið lokuðuð Aldrei fór ég suður-hátíðinni í fyrra. Hvernig var stemningin?

Þetta var svakalegt. Þetta var stærsta samkoma sem við höfðum spilað fyrir á þeim tímamarki. Þrátt fyrir þetta hafði seinkað eitthvað og við fórum á svið klukkan 2 um nótt en það var enn mikil orka í fólki og við náðum að peppa þetta vel upp.

Og Guðjón, trommari, reif sig úr að ofan?

Já, hann er náttúrulega algjör mannbangi, hann er algjört „hönk“. Hann fer alltaf úr. Ég og Palli erum náttúrulega bara með bumbur og erum þarna til að heilla rokkaragellurnar en Guðjón sér um skinkurnar.

Þið eruð að fara að spila aftur í ár. Verður ekki erfitt að toppa síðasta ár?

Nei, blessaður vertu. Við erum orðnir betri og þéttari. Við erum með nýtt efni og ég spái virkilega trufluðu prógrammi.

Um daginn unnuð þið Global Battle of the Bands á Íslandi. Hvernig upplifun var það?

Við áttum ekki von á því en það var alveg frábært. Við fórum til

Rúmeníu 1.-3. júní til að keppa í lokakeppninni og það verður í fyrsta skipti sem við fórum til útlanda saman. Það er mjög spennandi. Það fyrsta sem ég gerði var að athuga hvar Rúmenía er á landakortinu en það fyrsta sem bassaleikarinn gerði var að gúgla „Romanian girls“.

Og eru þær heitar?

Klárlega. Þetta lofar mjög góðu og við verðum að koma með nokkrar heim.

Eruð þið að taka rokkið alla leið?

Við tókum rokkið upp að vissu marki. Maður er mismikill dólgur en ég fékk núna eftir seinustu helgi kórónuna fyrir að vera dólgur bandsins. Meira get ég ekki sagt.

Áður en þið komið á Ísafjörð þá munuð þið troða upp á Blúshátíðinni. Á að blúsa yfir sig þar?

Við ræddum þetta einmitt og pældum í því hvort við ættum að spila Crossroads með Cream allan tímann en ákváðum svo að úr því að þeir vilja Vintage Caravan þá fá þeir auðvitað bara Vintage Caravan.

Hvað ætlið þið að gera á Ísafirði annað en að skemmta gestunum?

Við ætlum að skemmta sjálfum okkur. Við ætlum í gott „roadtrip“ og njóta þess að vera þarna því þetta er svo æðislegt. Hljómsveitirnar í ár eru líka flottar og ég hlakka til að hlusta á þær nokkrar.

j/rj

JÓN ÞÓR ROKKSTJÓRI ER
FJALLMYNDARLEGUR

Hamraborgar- hamborgari

Smalinn Jón Þór Þorleifsson er rokkstjóri
Aldrei fór ég suður-hátíðarinnar og er
svo heppinn að þekkja Mugison mjög vel

Hversu nett er þessi hátíð?
Á bilinu 1 til 10, svona 12.

Af hverju er svona gaman?

Af því að það eru bara allir í svaka stuði. Svo eru Exton og Stuð með hljóðkerfið svo það er allt á alvöru „blasti“. Fólk þarf líka að vita að það er í beinni útsendingu á Inspired by Iceland-vefsíðunni og því eru allir í sínu besta formi.

Hvað er hægt að gera á Ísafirði?

Það er hægt að gera allt sem þig langar að gera nema fara á McDonald's.

Hvað flokkast sem hinn ísfrski McDonald's?

Ætli það sé ekki plokkarinn í Tjörúhúsinu?

En ef maður ætlar að fá sér ruslfæði?

Þá fær maður sér Hamraborgarhamborgara. Sjoppa heitir sumsé Hamraborg.

Hvernig kemst maður á Ísafjörð?

Þú getur annað hvort flogið með Flugfélagi Íslands eða keyrt og þá keyrir þú sem leið liggur í gegnum Búðardal, svo í gegnum Hólmavík og svo keyrir þú aðeins lengur og kemur á Ísafjörð.

En ef þú keyrir of langt?

Þá lendir þú í Bolungarvík.

En er enginn sem hjólar á hátíðina?

Nei, en það var einn sem kom og gisti í tjaldi hérna fyrir þremur árum. En hann var mega hress en honum var líka kalt. Ég var bara: „Heyrðu vinur, viltu ekki koma inn á vist og

JÓN ÞÓR ÞORLEIFS

Besta Mugison-lagið: Gúanóstelpan.

Uppáhaldslag ekki með Mugison:

Wake Me Up Before You Go Go.

Flottasti Ísfröðingurinn: Dóri

Hermanns.

Ég hef aldrei... sungið með hljómsveit.

Líklega af því að ég er laglaus.

gista frekar þar?“ En hann sagði: „No, no, no. I'm on a vacation.“

En hvar gistir fólk annars?

Fólk gistir hjá ættingjum og vinum, á Hótel Ísafirði og gistiheimilum. Svo er fólk líka að gista í öllum nágrannabæjarfélögum.

Ef við köllum gestina íbúa, hvað erum við þá að tala um að íbúaföldinn hækki um mörg prósent?

Við vitum það ekki. Við getum ekki talið það. Það kemur hellingur af fólk með flugi og það koma rosalega margir bílar. Svo er ein gestaskúta hérna núna við höfnina, örugglega bara til að koma á hátíðina. Eða það er alla vega mjög góð saga.

En getur fólk farið á skíði?

Já, Skíðavíkan á Ísafirði er einmitt í fullum gangi á meðan á hátíðinni stendur. Það er geðveikt að geta skíðað á daginn

Það var einn sem kom og gisti í tjaldi hérna fyrir þremur árum. En hann var mega hress en honum var líka kalt.

og hlustað á tónlist á kvöldin. Það er bara eins og best gerist erlendis.

Hvernig má það vera að það sé frítt á hátíðina?

Það er út af því að við eigum svo frábæra foreldra. Foreldrarir okkar eru Flugfélag Íslands, N1, Orkusalan, Landsbankinn og Menningarráð Vestfjarða. Það er ástæðan fyrir því að við getum haft þetta frítt. Foreldrarir bjóða. Það gleymist nefnilega að þetta er frítt og svo er tónlistarfólkið ekki að þiggja bein laun heldur.

Þarna reynum við að höfða til allra tegunda í tónlist og til allra aldurshópa.

MUGGI

Besta Mugison-lagið: Þjóðarsálin.

Besta lagið: Have you ever seen the rain með Creedence Clearwater.

Flottasti Ísfröðingurinn: Dóri Hermanns.

Ég hef aldrei... sagt nei við neinu sem ég er beðinn um að gera.

Byrjaði í hita- meti í London

Guðmundur Kristjánsson, Muggi, er maðurinn á bak við Aldrei fór ég suður en hann og Mugison, sonur hans, fengu hugmyndina í London

Hvernig kviknaði hugmyndin á sínum tíma?

Hugmyndin kviknaði á fyllerí úti í London um miðjan hábjartan dag árið 2003. Það var hitamet í London þennan dag, ég man það. Það var sögulega mikill hiti, við vorum svaklega þyrstir feðgarnir og vorum að drekka bjór við Liverpool Street.

Og var það hitinn sem kveikti hugmyndina um hátíðina?

Nei, ekki var það hitinn. Daginn áður hafði Mugison verið með tónleika í London á jaðartónlistar-festivali þar sem hugmyndafræðin var svipuð og við fórum að ræða það hvort að þetta væri eitthvað sem við gætum ættleitt til Íslands og til Ísafjarðar. Halda hátíð þar sem er opið hús og fólk getur komið og farið að vild. Þannig að hugmyndin er kannski svolítið stolin.

Hvernig er stemningin í seinni tíð borin saman við stemninguna á fyrstu hátíðinni?

Stemningin er alltaf góð og hátíðin hefur vaxið ár frá ári. Þarna reynum við að höfða til allra tegunda í tónlist, til allra aldurshópa og hér byrjar enginn páskahelgina með fordómum. Það hjálpar líka að þetta kostar ekkert fyrir áhorfendur.

Hvaðan kemur nafnið þitt, Muggi?

Foreldrar mínir byrjuðu að kalla mig þetta í frumbersku. Ég hef alla tíð verið kallaður

Muggi. Guðmundur er mjög algengt nafn á Íslandi eins og þú veist og sérstaklega hérna fyrir vestan og menn voru aðgreindir með Gummi, Gvendur, Mummi og fleiri nöfnum en Muggi festist við mig.

Hvort þykir þér meira vænt um hátíðina eða son þinn, Mugison?

Eðli málsins samkvæmt þykir manni alltaf vænt um börnin sín.

Ertu ekki stoltur af stráknum?

Jú og hef verið alla tíð. Ég hef alltaf staðið við bakið á honum í því sem hann hefur gert. Hann reyndi nú fyrir sér sem sjómaður hjá mér þegar ég var skipstjóri. Hann var mjög liðtækur sjómaður, duglegur strákur. Hann hefur fengið að stjórna sínu lífi eins og honum hefur þótt best.

Hvað voruð þið að veiða?

Við vorum á trolli. Veiddum þorsk og rækju.

Á páskadag eldar þú fyrir þá sem koma að hátíðinni. Ertu svona góður kokkur?

Já, við sem að þessu stöndum höfum séð um veislu fyrir fólk. Ég veit ekki hvort ég sé góður eða slæmur en það hafa allir sloppið lifandi frá matseldinni. Við höfum alltaf í grunninn verið með sama matinn. Við erum með páskasvín í aðalrétt. Í forrétt erum við með humarsúpu eða rækjukokteil. Humar frá Hornafirði og rækju héðan frá Ísafirði.



MUGGI HEFUR ALDREI
FARIÐ SUÐUR



**FIMMTUDAGS
BOMBA PEPSI**

**PETTA
ER KLIKKAD
DÆMI!**

FIMMTUDAGS BOMBA!

1.990 KR

Þú færð **ENDALAUST FRÍTT Í ÞRJÁ TÍMA**
í alla 30 tölvuleikina, alla 25 tívolíleikina,
pool og dart.

Gildir ekki í kranana og tívolíleikirnir gefa ekki tívolípunkta.

**ERTU EKKI
AÐ DJOKA?**

Bættu við 1.990 kr og þú færð **LÍKA**
ENDALAUST FRÍTT Í ÞRJÁ TÍMA í Lasertag,
Sleggjuna, Klessubílana, 7D bíóið og keiluna
og frítt popp og Pepsi að auki.



Þú getur farið aftur og aftur og aftur í öll tækin!

Skemmtigarðurinn
SMÁRALIND

Skemmtigarðurinn Smáralind • Sími 534 1900 • www.skemmtigardur.is



KRUMMI ER
ALGJÖR GOÐSÖGN

RETRO STEFSON



UNNSTEINN VERÐUR
EKKI REIÐUR Á ÍSÓ

- Áttavilltir
- Cutaways
- Gang Related
- Gógó píur
- Hótel Rotterdam
- Jón Jónsson
- Legend
- Mugison
- Orphic oxtra
- Páll Óskar og Sunnukórinn
- Skálmöld
- Skúli Þórðar
- Svavar Knútur
- Sykur
- Vintage caravan 701
- Biggibix
- Dúkkulísur
- Gísli Pálmi
- Gudrid Hansdóttir
- HAM
- Ketura
- Klysja
- Lori Kelley
- Muck
- Nolo
- Pollapönk
- Postularnir
- Retro Stefson
- Reykjavík!
- Snorri Helgason
- Þórunn Antonía



ORPHIC OXTRA

ÞESSI VINNA SEM STRANDVERÐIR Á SUMRIN
ÞVÍ ÞAU ERU SVO GÓÐ AÐ BLÁSA LÍFI Í FÓLK

Þessir ætla vestur

Tónlistarmenn úr öllum áttum munu sjá um að skemmta lýðnum á Aldrei fór ég suður um páskana



SKÁLMOLD

EKKI GERA
ÞETTA TROMMARI



HÓTEL ROTTERDAM

ÆTLI LAGIÐ HEITI
HERBERGI FYRIR TVÖ?



Grillandi gott!

Alvöru helgar-brunch

Nú er kominn tími á alvöru helgar-brunch: Steikt beikon, spælt egg, steiktar pylsur, pönnukökur með sírópi, grillaður tómatur, kartöfluteningar, ristað brauð, ostur, marmelaði, sneiðar af ferskum ávöxtum, ávaxtasafi og te eða kaffi. Ótrúlega gómsæt byrjun á góðum degi.

Verð kr. 1.590 pr. mann.
50% afsláttur fyrir börn undir 12 ára.

Alla laugardaga og sunnudaga frá kl. 11:00 til 14:30.



Grillhúsið Sprengisandi og Tryggvagötu - Sími 527 5000 - grillhusid.is



ÁTTAVILLTIR

TVEIR VILLTIR



PÁ(LL) ÓSKAR



GANG RELATED



SNORRI HELGA(R)
SIG TÓNLIST



POLLAPÖNK
ERU HÖNK



ALDREI AÐ SEGJA
ALDREI, MUGISON



SIGURJÓN
HAMAST Á GÍTAR



BIGGI BIX FÆR
SÉR WEETABIX



GÍSLI PÁLMI
OF HARÐUR



SVAF ARI? KNÚTI ER
MARGT TIL LISTA LAGT



ÞÓRUNN FÓR UN-
DIR EINS VESTUR



SYKUR-DRENGIR
HVAR ER GELLAN?

FERMINGAR GJÖFIN FÆST HJÁ RB

RB-rúm eru í heims-
samtökunum ISPA,
sem eru gæðasamtök
fyrirtækja sem sérhæfa
sig í framleiðslu og
hönnun springdýna.



Alþjóðleg viðurkenning
fyrir framúrskarandi
árangur í framleiðslu í
rúmum og springdýnum.

VELJUM ÍSLENSKT

Opið alla virka daga frá 8 - 18
og á laugardögum frá 10 - 14

EFTIR ÞÍNU HÖFÐI
RB-rúmin og gaflar eru
sérsmíðuð eftir þínum
óskum.

5.000 KR.
INNBOGUN FYLGIR
HVERJU FERMINGARRÚMI



ÚRVAL FYLGIHLUTA
Rúmteppi, púðar, pífur, sængurverasett,
dýnuhlífar, náttborð og fleira.



RB
RÚM
Stofnað 1943

Dálshraun 8

220 Hafnarfirði

RB-rúm

rum@rbrum.is

www.rbrum.is

Sími 555 0397

ALDREI STUÐ HJÁ PALLA
EÐA HITT ÞÓ HELDUR



SÓLEY SÓLEY
MÍN VON OG TRÚ



ALLIR VELKOMNIR
EKKERT ALDURSTAKMARK

Myndir/Páll Ónundarson

Aldrei-lis frábær stemning og fjör

Um páskana fer fram níunda Aldrei fór ég suður-hátíðin en hún virðist hrein ávísun á fjör og gleði



SAMMI OG FÉLAGAR
VINSÆLIR ALLS STÁÐAR



VALDIMAR OG TVÍFARI
ARA ELDJÁRN



SJÁIÐ BARA JAFNVÆGID
HJÁ JÓNI ÓLAFS



JÓNAS SEGIR FÓLKINU AÐ
HAMINGJAN SÉ HÉR

Myndir/Ágúst Atláson



TILFINNINGARNAR TAKA VÖLDIN ANNAÐ KVÖLD KL 21.15 Á SKJÁEINUM!


Yfir 600 myndbönd! Yfir 95 þúsund atkvæði! Milljón í verðlaun!
80 atriði komast áfram en það verður aðeins einn sigurvegari!



SÓLI HÓLM




ANNA SVAVA



ÞORVALDUR DAVÍÐ



STEINUNN ÓLÍNA

 Smelltu þér inn á facebook síðu keppinnar og skoðaðu myndir af keppendum.

 #hkeppni

Hringdu núna í síma **595 6000**,
eða smelltu þér á **skjareinn.is**
og við opnum strax.



mbl.is



Cheerios

FLORIDANA VÍTAMÍNSAFI

Floridana Vítamínsafi er blanda af ávöxtum og paprikum, full af vítamínum frá náttúrunnar hendi.*

- A** A-vítamín er nauðsynlegt fyrir sjón, húð og starfsemi ónæmiskerfisins.
- C** C-vítamín er talið efla ónæmiskerfi líkamans og tryggja að það starfi eðlilega við áreynslu.
- E** E-vítamín er mikilvægt andoxunarefni sem verndar frumur og er nauðsynlegt fyrir starfsemi taugakerfisins.

Hugsaðu um heilsuna og drekktu Floridana Vítamínsafa.

* 50% ráðlagður dagsskammtur af A-, C- og E-vítamínum í 330 ml

Eingöngu náttúruleg A-, C- og E-vítamín



Floridana
LIFÐU VEL!

Síðasta sem ég...

Síðasta borg sem ég heimsótti fyrir utan landsteinana: Þegar þetta viðtal birtist verður svarið Barcelona. Ég er að fara þangað á morgun þar sem samtökin Mediterranean Diet Foundation veita Michelle Obama og mér viðurkenningu fyrir átaki sem við höfum staðið fyrir að undanförunu.



Síðasti veitingastaður sem ég borðaði á: Þar sem ég ferðast mikið hef ég eðlilega borðað á veitingastöðum um allan heim en síðasti staður sem ég fór á var hins vegar nýi staðurinn á Hótel Loftleiðum.



Síðasta bíómynd sem ég horfði á: Ég fór á myndina Svartur á leik hérna heima og fannst hún fin.



Síðasti hlutur sem ég keypti: Nýlega keypti ég mér sófa og svo er ég alltaf að kaupa eitthvað dót inna á heimilið eins og sturtu, vask og ljós. Þótt það sé óspennandi þá var það alsíðasta sem ég keypti mér dísilolía á bílinn.



Síðasta húsvverk sem ég innti af hendi: Ég ryksugaði í gærkvöldi og þvoði þvott, bæði í einu. (Innskot blaðamanns: Hann hoppaði þó ekki yfir þvottavélina í þetta sinn.)



Síðasta skipti sem ég sagði einhverjum að mér þætti vænt um hann: Það hefur verið við son minn í fyrradag þegar við vorum að fara í háttinn.

Þeir tóku okkur fagnandi, fannst þetta mjög spennandi og hrósuðu reyndar þeim snillingum hjá Krínólín sem hafa hannað Íþróttálfsbúninginn í öll þessi ár alveg sérstaklega. Svo var ég bara rifinn úr og mér skellt í gípstunnu og búningurinn steyptur eftir því. Það er náttúrulega frábært að vinna með svona hæfileikamönnum.

Ásamt því að leika Íþróttálfinn ert þú líka forstjóri. Hvernig er því hlutverki best lýst?

Jú, ég er forstjóri hjá Turner og er líklega einn af fáum forstjórum sem klæðist ofurhetjubúningi. Þegar þú byrjar á að byggja upp vörumerki eins og Latabæ þá lendir þú í vandræðum því þú þarft að kenna fólkinu í kringum þig hugsunarháttinn eða hugsjónina sem þú ert að boða því það veit enginn hvað þetta er, það hefur enginn séð þetta áður. Núna er ég svo heppinn að við erum búin að skapa þennan heim í gegnum bækurnar, leikritin, útvarpið, sjónvarpsþættina og allt það svo nú er miklu auðveldara að fá fleira fólk til að koma að allri starfsemi. Fyrst um sinn var ég í því að skapa þetta allt saman með öðru fólk en nú er þetta orðið þannig að það eru margar deildir innan Latabæjar sem ég kem ekki nálægt. Aðalhlutverkið mitt er að semja sögurnar og stýra sköpunardeildinni með tveimur eða þremur öðrum. Svo tek ég þátt í að kynna fyrirtækið og móta áætlanir og markmið fyrirtækisins ásamt því að passa að allir starfsmenn labbi í takt.

Latibær er heimsþekkt vörumerki. Getur þú lýst fyrir mér hversu þekkt það er?

Latabæjarvörumerkið er eitt þekktasta íslenska vörumerkið í heiminum fyrr og síðar. 73% manna í tíu stærstu löndum heims þekkja vörumerkið en mér skilst að það íslenska vörumerki sem kom á eftir í sömu könnun hafi skorað 0,03%. Núna er Latibær kominn út um allan heim í 128 lönd og 500 milljónir heimila sjá Latabæ. Þátturinn er búinn að vera í sýningu í rómönsku Ameríku í níu ár en er enn á topp þremur yfir áhorfstölur, sem er mjög óvanalegt. Þar höfum við einnig tekið þátt í herferðum eða átökum með stjórnmöldum í Bretlandi, Spáni, Mexíkó og Kólumbíu. Þetta hefur skilað árangri, því í Kólumbíu jókst grænmetisneysla um fleiri prósent og innflutningur á ávöxtum frá Bandaríkjunum til Mexíkó hefur aldrei verið meiri í sjö ár.

Þetta er skemmtilegt vörumerki með mikla möguleika og það er líka á skemmtilegum tímamarki. Það er búið að slíta barnskónum og héðan í frá má setja í fimmta gir.

Af öllum þeim Latabæjarvarningi sem hefur verið framleiddur, frá tannburstum yfir í spari-bauka, hver er þinn uppáhaldsgripur?

Latibær er þannig í þessum efnum að við segjum eiginlega meira „nei“ heldur en „já“. Við getum til dæmis ekki tekið þátt í samstarfi við skyndibitakeðjur og við getum ekki verið með í páskaeggjum eða neinu slíku. Ég myndi segja að ég væri stoltastur af því að við höfum komið fram með nafnið Íþróttanammi eða „sports candy“, eins og það heitir úti í heimi. Þetta vörumerki eigum við og krakkar eru farnir að nota þetta orðalag úti um allan heim. „Íþróttanammi“ er sem sagt annað nafn yfir ávexti og grænmeti. Við höfum verið að keyra herferðir eða átök úti um allan heim tengd þessari vöru svo ég myndi segja að hún væri okkar besta.

Myndir þú segja að það styttest í að Latibær fari að gera tilkall til að vera kallaður höfuðborg Íslands?

Nei, það held ég ekki (hlær). Það sem er samt áhugavert er að í Danmörku er Lego þeirra stolt, í Finnlandi eru það Múminálfarnir og Latibær er íslenskt, það er það sem við eigum. Latibær fær góða umfjöllun úti um allan heim og það er mér minnisstætt þegar BBC sagði til dæmis skömmu eftir hrun að Latibær væru einu góðu fréttirnar sem kæmu frá Íslandi á þeim tíma. Ég finn það líka þegar ég hitti Íslendinga í útlöndum, þá segjast þeir duglegir að segja fólki frá því að Latibær sé íslenskt fyrirtæki og fólk trúir þeim varla, það þykir mjög merkilegt.

Á heimsflakki þínu hefur þú hitt helling af þjóðhöfðingjum og aðra ráðamenn.

Já, ég hef átt frábæra fundi úti um allan heim. Ég er búinn að fara mörgum sinnum til Evrópusambandsins þar sem við erum að reyna að auka grænmetisneyslu barna í Evrópusambandslöndunum. Mér hefur verið boðið til forsætis- og heilbrigðisráðherra í nánast hverju einasta landi sem ég hef komið til. Ég hef farið á heilbrigðisþing frá stöðum eins og Tromsø í Noregi yfir til Mexíkó. Ég hef setið á fundum í Hvíta húsinu með Michelle Obama en með henni hefur Latibær tekið þátt í fótboltaátaki í 23 borgum í Bandaríkjunum

og til stendur að setja á laggirnar maraþonhlaup í samstarfi við hana sem fer fram í 27 borgum þar í landi. Við höfum unnið náðið með David Cameron og heilbrigðisráðherranum í Bretlandi svo ég hef komið oft í Downingstræti 10.

Hyggst þú halda áfram að vinna að útbreiðslu boðskapar Latabæjar fram á eilífi?

Já, mig langar að búa til stofnun þar sem ég get unnið áfram að þessum boðskap sjálfur á einhvern skemmtilegan hátt, þetta hefur alltaf snúist um það. Svo hef ég alltaf haft áhuga á svo mörgu öðru. Ég hef mikinn áhuga á bílum og hef áhuga á því að mála, þótt ég sé reyndar rosalega lélegur í því en langar til að verða betri. Mér finnst gaman að skíða en Íþróttálfurinn hefur hins vegar aldrei mátt fara á skíði svo ég byrjaði á snjóþretti fyrir nokkrum árum síðan.

Er Íþróttálfurinn öflugur á bretti?

Ég byrjaði að minnsta kosti ekki vel, ég datt svona sex hundruð sinnum í fjallinu og fólk renndi sér framhjá og benti: „Þarna er Íþróttálfurinn, hann getur ekki neitt!“. Svo langar mig að læra meira í tennis. Að lokum langar mig að læra meira um hvernig maður á að byggja upp vörumerki.

Ég eyddi með honum heilum degi og á meðan var öll fjölskylda stráksins grátandi að taka upp myndband. Þetta var eitthvað það alerfiðasta sem ég hef gert.

Meinar þú þá að setjast á skólabekk?

Já, ég held að það væri gaman. Nú hefur maður svo mikla reynslu að ég held að það væri gaman að fara í gegnum slíkt nám. Síðan langar mig að gera bíómyndir sem eru ekki hugsaðar fyrir börn og er meira að segja búinn að skrifa þrjár slíkar myndir og er að vinna í þeim með nokkrum góðum mönnum. Því verður örugglega hrint í framkvæmd einhvern tímann en þessa stundina á Latibær hug minn allan.



ERU FÓTBOLTASKÓRNIR Í MESSI...



TÖKUM UPP NÝJAR VÖRUR
ATH!
ALLA DAGA

...KOMINN TÍMI Á NÝJA?

FRÁBÆRT ÚRVAL AF FÓTBOLTASKÓM FRÁ ADIDAS OG NIKE
OG ÍÞRÓTTASKÓM FRÁ ADIDAS, NIKE, REEBOK OG ASICS

Reebok



Champion

asics

NORTH ROCK ÆFINGABUXURNAR KOMNAR AFTUR, KR. 4.995. - CHAMPION ÍÞRÓTTATOPPAR KR. 3.995.
LEGGHLÍFAR OG FÓTBOLTABÚNINGAR

30-70% AFSLÁTTUR AF ALMENNUNN VERÐI VERSLANA

**STÆRSTA OUTLET LANDSINS
MEÐ ÍÞRÓTTAVÖRUR!**

**KORPU
OUTLET**



Fylgstu með okkur á Facebook!

KORPUOUTLET, KORPUTORGI • Opíð mánudag til laugardags frá 11 til 18 • Sunnudaga frá 12 til 18 • S. 578 9400



Vissir þú... að James Franco var lengi hugsaður í hlutverk Agenor og Javier Bardem í hlutverk Ares.

Kominn í Elko!



VILTU VINNA EINTAK?

9. HVER VINNUR!
FJÖLDI AUKAVINNINGA

SENDU EST STREET Í NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

GEGGJAÐIR AUKAVINNINGAR!

TÖLVULEIKIR - DVD - GOS O.FL.

VINNINGAR AFHENTIR Í ELKO LINDUM. 199 KR/SKEYTIÐ. MEÐ ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.



ÞESSI TIL VINSTRI ER BYRJAÐUR AÐ SAFNA FYRIR ALSKEGGSAÞRÍL

FRUMSÝNINGAR HELGARINNAR

Wrath of the Titans

Wrath of the Titans gerist um tíu árum eftir atburði fyrri myndarinnar, Clash of the Titans. Perseus, hinn mannlegi sonur Seifs sem sigraði hinn illa Kraken, hefur reynt sitt besta til að draga sig í hlé og lifir nú rólegu lífi í litlu sjávarþorpi þar sem hann stundar fiskveiðar og elur upp 10 ára gamlan son sinn. Á meðan hefur ólgan á milli guðanna og risanna (titanna) farið vaxandi á ný og Krónos, foringi risanna og faðir þeirra Seifs, Hadesar og Póseidons, látið til sín taka eftir að hafa haldið sig í myrkum undirdjúpum Tartarus síðan synir hans

Leikstjóri: Jonathan Liebesman.
Aðalhlutverk: Liam Neeson, Sam Worthington, Ralph Fiennes, Rosamund Pike, Bill Nighy og Toby Kebbel.
Lengd: 99 mínútur.
Aldurstakmark: Bönnuð innan 12 ára.
Kvikmyndahús: Sambíóin Álfabakka, Egilshöll, Kringlunni, Akureyri, Keflavík og Selfossi.

steyptu honum úr hásætinu. Þegar Hades ásamt mannlegum syni Seifs, Ares, ákveða að snúa bókum saman, svíkja Seif og vinna að því að koma honum í ánaud hjá Krónosi, getur Perseus ekki lengur setið hjá afskiptalaus. En kraftur Seifs fer óðum þverrandi og svo fer að Krónos nær honum á sitt vald. Perseus leitir þá til hins fallna guðs Hephaestusar, sonar Póseidons, Argenor, og stríðsdrottningarinnar Andrómedu, um hjálp til að fara niður til Tartarus, bjarga föður sínum úr klóm Krónosar og freista þess að binda enda á djöfullegt ráðabrug hans og þeirra sem fylgja honum að málum.



VILTU VINNA MIÐA?

Monitor ætlar að gefa miða á **Wrath of the Titans**, fylgstu með... facebook.com/monitorbladid

KVIKMYND

Hungrar þig í bíóferð?

Þegar þetta er skrifað er The Hunger Games að hala inn meiri peningum í Hollywood en sést hefur í langan tíma. Kvikmyndin, sem byggð er á samnefndri bók Suzanne Collins, er sú fyrsta í þrileik sem segir frá lífi nokkurra persóna í ótiltekinni framtíð. Þar fylgjumst við með örlögum Katniss Everdeen sem býður sig fram fyrir hönd systur sinnar til að taka þátt í hinum árlegu hungurleikum. Þar keppa 24 ungmenni á aldrinum tólf til átján ára upp á líf og dauða fyrir framan áhorfendur þangað til öllum hefur verið slátrað og einn stendur uppi sem sigurvegari.



Þó svo að hin ungu og efnilegu Jennifer Lawrence (Katniss) og Josh Hutcherson (Peeta) standi sig vissulega vel í hlutverkum sínum þá eru það aukal-eikararnir sem skína skærast. Þar má nefna gamla brýnið hann Donald Sutherland sem forseta landsins og Stanley Tucci sem leikur sjónvarpsstjórnuma og egóið Caesar Flickerman. Þeir sem stela þó senunni gjörsamlega eru Lenny Kravitz (sem virðist hvorki eldast né hætta að vera óendanlega svalur) og Woody Harrelson, en hann virðist ekki ætla að taka feilsþor og á myndina skuldlaust sem hinn drykkfeldi ráðgjafi Haymitch.



Myndin fer ótrúlega vel af stað, allt umhverfi er glæsilega hannað og það er virkilega gaman að fylgjast með Katniss og vini hennar Peeta, æfa sig fyrir leikana og upplifa allt fárið í kringum þá. Hinsvegar missir hún aðeins dampinn þegar líður á hana og hvort sem það er vegna lengdar hennar eða til að búa til rómantik þá hefði eflaust verið hægt að komast hjá því.

Ég og mínir bíófélagar höfðum allir mjög gaman að myndinni og það var vel þess virði að eyða rúmlega tveimur tímum til þess að geta horfið í þessa óhuggulegu en spennandi framtíð sem The Hunger Games hefur upp á að bjóða.



HJÁLMAR KARLSSON

THE HUNGER GAMES
MMMMM



HEY RAMBÓ!
RAMBÓ ÍTALÍANÓ

SVARTHÖFÐI.IS ...gagnrýnir úr bunkanum

Rambo: First Blood Part II

John Rambo situr í fangelsi fyrir að hafa nánast jafnað bandarískan smábæ við jörðu í First Blood. Trautman, eini vinur hans, þjálfari og félagi úr Vietnam-stríðinu, sækir Rambo í grjótið til þess að senda hann í leynilega sendiför til helvtis á jörðu en Rambo á að fara aftur til Vietnam, vopnaður ljósmyndavél, þar sem honum er ætlað að finna faldar fangabúðir og sanna með myndum að þar séu bandarískir stríðsfangar enn í haldi. Hann á bara að taka myndir og koma sér síðan í burtu. Okkar maður fer vitaskuld ekki eftir þeim fyrirmælum og fyrr en varir er hann byrjaður að stráfella vonda kalla.

Frægðarsól Sylvester Stallone var í hádegisstað á níunda áratugnum í kjölfar vinsælda Rocky-myndanna og eftir hina fantagóðu First Blood, þar sem Rambo var kynntur til sögunnar, kom ekki annað til greina en að gira sig upp fyrir framhald. Útkoman, Rambo: First Blood Part II, er ótrúlega ólík

forveranum. Þar var Rambo hundeltur af lögreglu og þjóðvarðliðum, lengst af óvopnaður. Hér snýst leikurinn við og Rambo ofsækir rússneska og víetnamska hermenn og svo virðist sem hriðskot andstæðinganna geggi af ótta við kappann.



valda í garð hermanna úr Vietnam-stríðinu.

Stallone er vitaskuld þrælgóður sem Rambo þegar högginn eru látin dynja á honum og ekki er annað hægt en að kaupa hann í hlutverkinu. Líkamlegir burðir, hegðun og útlit hans smellpassa fyrir hlutverk Rambo. Þegar undirritaður hugsar til þess þá er Stallone sennilega það besta við myndina, og ber hana hreinlega á breiðum herðum sínum.

Rambo: First Blood Part II virkaði betur á mig í minningunni en nú. Almenn séð er myndin ekkert sérstaklega vel gerð og handahófskenndar sprengingar, skotbardagar og efnistösk Stallones fóru dálítið í mig. Áróðursþema myndarinnar fer Rambo líka illa þar sem hann er upphafinn sem stríðsmaskína sem berst gegn meðhöndlun Bandaríkjahers á eigin mönnum á meðan hann stráfellir hermenn/skæruliða/uppreisnarseggi í öðrum löndum.

www.svarthofdi.is



Stallone virðist hafa stjórnað öllu við gerð myndarinnar og munar ekkert um að senda Rambo, einan síns liðs, til Vietnam til þess að sigra stríð sem Bandaríkjamenn höfðu tapað fyrir allnokkru síðan. Að sögn þeirra sem unnu að gerð First Blood II greip Stallone stöðugt fram fyrir hendurnar á leikstjóranum George P. Cosmatos og glepti framleiðsluna með húð og hári. Við handritsgerðina fékk Stallone sjálfan James Cameron til liðs við sig en sá var funneitur frá því að hafa skrifað og leikstýrt The Terminator. Stallone tók sig síðan til og endurskrifaði handritið með þungum gagnrýnistón á framkomu bandarískra stjórn-

TÖLVULEIKUR



Unit 13

MMAAAA
Tegund: Skotleikur
PEGI merking: 16+
Útgefandi: Zipper Interactive
Dómar: Gamespot 7 af 10
IGN 7,5 af 10
Eurogamer 8 af 10

Fretað á ferðinni

Líf sérsveitarmanna er enginn dans á rósun, enda hvorki dans né rósir efst í huga þeirra þegar þeir eltast við síðskeggaða hryðjuverkamenn um allan heim. Í leiknum Unit 13 fá leikmenn tækifæri til að stýra sérsveitarmönnum, en leikurinn er gerður af höfundum SOCOM-leikjanna. Sögupráður Unit 13 er álíka þunnur og nörd á mánu-degi eftir EVE Fanfest, en hann takmarkast við stuttar lýsingar á hverri herferð fyrir sig. En samtals eru um það bil 40 herferðir sem leikmenn fá að spreya sig á í þessum fyrsta skotleik sem kemur út fyrir PlayStation Vita-tölvuna. Herferðirnar eru fjölbreyttar og þurfa leikmenn að fara í gegnum þær á mismunandi vegu, en sumar ganga út á að klára á sem minnstum tíma, aðrar að drepa ákveðið skotmark eða aftengja sprengjur eða aðrar græjur. Samanburður við þá bestu Fyrir hverja herferð geta leikmenn valið einn af sex mismunandi sérsveitarmönnum og hefur hver og einn þeirra ákveðna hæfileika til brunns að bera. Til dæmis er einn sérfræðingur í að læðast um, annar sérfræðingur í að sprengja allt í loft upp og svo



framvegis. Að velja rétt þarna skiptir máli og hefur áhrif á stig og stjórnugjöf sem gefin er í lok hverrar herferðar. En það sem dregur mann helst í gegnum leikinn er að bæta stigamet og bera sig saman við þá bestu í heiminum. Í leiknum eru öll helstu vopn sem nútíma-hermenn nota og er raunveruleikastig leiksins sæmilega hátt. Það þarf til dæmis ekki nema örfá skot til að drepa og getur það stundum verið pirrandi. Gervigreind leiksins er ekki að fara að vinna nein nóbelsverðlaun, en hún er frekar óútreiknanleg og getur komið manni í vandræði. Unit 13 er hægt að spila í gegnum netið í „coop“ við aðra, en það virkar mjög vel og mæli ég eindregið með að það sé prófað. Grafíkin er ágæt, en langt frá því besta sem sést hefur á Vita-vélinni. Tónlistin keyrir hasarinn ágætlega upp og heldur krafti í leiknum, það sama má segja um talsetningu leiksins sem er í góðu meðallagi. Unit 13 er því finni ferðafélagi þar sem maður getur fretað á félagana með öllum helstu vopnum nútímans.



ÓLAFUR ÞÓR JÓNSSON

VILTU VINNA iPad?

Nýji iPadinn er lentur í Elko

SMS LEIKUR 9. hver vinnur



SENDU SMS-ÍÐ

EST IPAD Á NÚMERIÐ 1900

ÞÚ FÆRÐ SPURNINGU OG

SVARAR EST A, B EÐA C

Á NÚMERIÐ 1900.

ÞÁÐALVINNINGUR ER NEW IPAD 16GB WI-FI + 3G FULLT AF AUKA VINNINGUM. BÍÓMÍBAR · DVD · TÖLVULEIKUR · GOS OG FLEIRA



*Aðalvinningar dregnir úr öllum innsendum skeytum 23.apríl 2012. Vinningar verða afhentir í ELKO Lindum, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 199 kr./SMS-íð. Þú færð 5 mínútur til að svara spurningu. Leik lýkur 22.apríl 2012

Léttur kjóll, sokkabuxur og fínir skór **klikka aldrei**

Stíllinn fékk Ingu Rán Reynisdóttur til að klæða sig upp fyrir þrjú mismunandi tilefni

Inga Rán Reynisdóttir er 19 ára mætur sem gengur í Menntaskólann við Hamrahlíð og vinnur hlutastarf í Body Shop. Inga hefur mikinn áhuga á tónlist, bæði er hún í Hamrahlíðarkórnum og hefur lagt stund á pianónám í mörg ár. Einnig hefur hún dálæti á tísku og er alltaf flott til fara. Stíllinn fékk Ingu til að klæða sig upp fyrir þrjú mismunandi tilefni með flikum úr fallega fataskápnnum sínum.

Átt þú þér einhverja sérstaka fyrirmynd í fatavali? Enga sérstaka nei. En ég fæ innblástur frá vinkonum mínum, tiskubloggu, tímaritum og fólki úti á götu. Átt þú þér uppáhaldstískublogg?

Já, stockholm-streetstyle.com og lookbook.nu.

Hvað verður það heitasta í sumar að þínu mati?

Pastellitir, fallegir kjólar og skyrtur verða það heitasta í sumar.

Hefur þú einhverntímann litið til baka og séð eftir að hafa klæðst einhverju?

Haha, ég sé kannski ekki eftir að hafa klæðst neinu sérstöku en það er margt sem ég skil ekki að mér hafi fundist töff á sínum tíma.

Ef þú myndir vinna í lottó, hvað væri það fyrsta sem þú myndir kaupa? La Chaise-stólinn eftir Charles og Ray Eames, ég þrái hann!

Hvaða þrjár snyrtivörur finnast þér ómissandi?

1. Vitamin E moisture lotion SPF 15 frá Body Shop. Ég nota það á hverjum degi. Það gefur góðan raka og er fullkomið bæði í frosti og kulda og sól og sumri.

2. Sólarpúðrið frá H&M. Ég hef notað það síðan ég byrjaði að mála mig og það klikkar aldrei!

3. Select cover-up hyljari frá MAC. Ég nota hann nánast daglega og finnast hann ótrúlega góður.



ÚT Á LÍFIÐ

Kjól: GK Reykjavík - Sokkabuxur: Cobra - Skór: Urban Outfitters

Ég fékk þennan kjól í afmælisgjöf og finnast hann rosalega fallegur. Bæði sniðið og mynstrið, smáatriðin í hálsmálinu gera líka mjög mikið. Skórnir eru skemmtilega 90's og tilvaldir til að fara í út á lífið. Léttur kjóll, sokkabuxur og fínir skór klikka aldrei!

DAGSDAGLEGA



Buxur: Topshop - Samfestingur: Weekday - Skór: GK Reykjavík - Jakki: Gallerí Sauján

Ég geng oftast í gallabuxum svona dagsdaglega og fer þá í skyrtu eða fínan bol við. Núna er aðeins farið að hlýna og það er gott að geta byrjað að nota jakka aftur á daginn og leggja pelsinn og úlpuna á hilluna. Buxurnar hef ég notað mikið í vetur. Jakkinn er nýr og í miklu uppáhaldi hjá mér þessa dagana. Skórnir eru síðan mjög látlausir og flottir við hvaða tilefni sem er.

FÍNASTA FÍNT



Kjól: Weekday - Jakki: H&M - Skór: Jeffrey Campbell

Kjólinn keypti ég í Danmörku síðasta sumar og ég hef notað hann mikið síðan. Hann er mjög hlutlaus og hægt að dressa hann á ýmsa vegu, sérstaklega við fíni tilefni. Jakkann keypti ég í New York fyrir tveimur árum og mér finnst hann passa fullkomlega við kjólinn. Lita-skórnir eru uppáhaldsskórnir mínir og gera mikið fyrir dressið.





EDDA
LONDON

Fyrstu sex: 210893.

Skrifstofa: Select.

Dæmi um verkefni: Miss Selfridge og myndabættir fyrir Financial Times.

Hvar varst þú uppgötvuð? Fyrir ári síðan þegar ég var í Eymundsson að kaupa mér skólalagabók.

Hvert væri draumaverkefnið? Úff, þau eru ótrúlega mörg. En ég myndi vilja vera á forsiðu Vogue og i-D. Svo væri draumur að gera einhverja stóra auglýsingaherferð, t.d. fyrir Calvin Klein eða Prada.

Skemmtilegasta verkefnið til þessa? Þegar ég fór í vikufærð til Afríku að mynda fyrir Financial Times. Þar var allt öðruvísi og framandi og ég held ég hafi aldrei skemmt mér jafn vel á ævinni. Fólkið sem ég var að vinna með var frábært og yndislegt að komast í burtu frá raunveruleikanum, enginn sími og ekkert netsamband.



SIGRÚN EVA
NEW YORK

Fyrstu sex: 250191

Skrifstofa: Wilhelmina Models

Dæmi um verkefni: H&M, Nordstrom, Macy's, Cosmopolitan, Quik Silver.

Hvar varst þú uppgötvuð? Ég var í fríi í New York með fjölskyldunni. Það kom kona upp að mér í H&M og spurði hvort ég gæti hugsað mér að vera fyrirsæta og að ég ætti að hringja í hana ef ég hefði áhuga á að koma á fund daginn eftir. Mér fannst þetta allt mjög furðulegt, en ákvað samt að hringja.

Hvernig er típiskur dagur í lífi þínu? Ef ég er ekki að vinna í einhverju sérstöku verkefni eru yfirleitt nokkur „casting“ á dag. Svo reyni ég bara að hreyfa mig og njóta lífsins.

Lumar þú á góðum fegurðarráðum? Hugsal vel um sjálfan sig, hvíla sig vel, hreyfa sig reglulega, drekka nógvatn og sem sjaldnast áfengi.

Íslenskar fyrirsætur á hraðri uppleið erlendis

Íslenskar fyrirsætur hafa sjaldan verið jafnábberandi í heimi tískunnar eins og nú. Þær sjást ganga pallana hjá fremstu hönnuðum heims og eru myndaðar fyrir stærstu tískutímaritin. **Stíllinn** talaði við fimm íslenskar fyrirsætur sem starfa erlendis.



BRYNJA
PARIS

Fyrstu sex: 150494.

Skrifstofa: Next Models.

Dæmi um verkefni: Ilmvatnsherferð, rússneska Elle, Nylon og ítalska Vogue.

Hvar varst þú uppgötvuð? Þegar ég var 14 ára fundu þau í Eskimo gamlar myndir af mér í tölvunni hjá sér og höfðu samband við mig í kjölfarið.

Hvað er skemmtilegasta verkefnið til þessa?

Þau eru svo mörg að það er mjög erfitt að segja til um það. En stuttmynd sem ég gerði fyrir Munda stendur upp úr.

Hvert er þitt uppáhaldstrend fyrir sumarið?

Ég verð að viðurkenna að ég hef ekkert fylgst með komandi sumartísku. Mér finnst samt allt litríkt og sumarlegt alltaf fínt.

Átt þú þér uppáhaldshönnuð?

Já. Sonia Rykiel, Chanel og Gucci.



SVALA LIND
LONDON

Fyrstu sex: 210989.

Skrifstofa: Nevs.

Dæmi um verkefni: Kalda, Nikita, Kronkron, Emami. Ýmis blöð og tímarit.

Skemmtilegasta verkefnið til þessa? Öll verkefni sem ég hef unnið með Sögu Sig ljósmyndara.

Átt þú þér uppáhaldshönnuð? Ég er rosalega hrifin af Isabel Marant og Olivier Rousteing fyrir Balmain. Heima á Íslandi eru það Kalda-systurnar.

Lumar þú á góðum fegurðarráðum? Alltaf að þvo á sér andlitit

fyrir svefninn og nota húðvörur án aukafna.

Hvað er þitt uppáhaldstrend fyrir sumarið?

Ég ætla að fjárfesta í einhverju pastel-litðu þar sem fataskápurinn minn inniheldur nánast aðeins svartar flíkur.



KOLFINNA
PARIS

Skrifstofa: Next Models.

Dæmi um verkefni: Alexander Wang, Marc Jacobs, Topshop Unique, Fendi, Moschino, Marni og Prada.

Hvernig er típiskur dagur í lífi þínu? Það er eiginlega enginn dagur eins. Oftast fer ég í nokkur „casting“ og svo stundum eru myndatökur sem taka allan daginn.

Áttu þér fyrirmynd í tískubransanum? Nei, ég get ekki sagt það.

Hver er þinn uppáhaldshönnuður? Alexander Wang og Christopher Kane.

Hvað er svo framundan hjá þér? Það er ýmislegt sem kemur bara í ljós.



Stíllinn er spenntur fyrir... Reykjavík Fashion Festival 2012

Tískuhátíðin Reykjavík Fashion Festival fer fram í þriðja sinn um helgina. Mikil eftirvænting ríkir fyrir viðburðinum, en rjóminn af íslenskum fatahönnuðum sýnir hönnun sína í Hörpu á föstudags- og laugardagskvöld. Þeirra á meðal eru Kron by KronKron, Ýr, Kalda, Mundi og Kormákur & Skjöldur. Hátíðin snýst þó ekki aðeins um tískusýningarnar, en gestum RFF gefst kostur á að sækja fyrirlestra hjá þekktum einstaklingum í brans-

— The 3rd Annual —
Reykjavík Fashion Festival
Nº3 / March 29 — April 1 / 2012

anum, t.d. Rúnari Ómarssyni stofnanda Nikita og Bernhard Wilhelm fatahönnuði. Einnig verður Pop-Up markaður og fyrsta íslenska Fashion's Night Out. Allar helstu fyrirsætur landsins munu taka þátt í sýningunum og tískutímarit á borð við Þýska og ítalska Vogue hafa boðað komu sína. Það er því spennandi helgi framundan í íslenska tískuheiminum. Miðasala á RFF fer fram á midi.is. Nánari upplýsingar á rff.is

SKECHERS
World Famous

SAMSUNG

TÓNLISTARMAÐURINN



Allt það góða sem lífið hefur upp á að bjóða!

Samsung GALAXY Ace

- Frábær tónlistarspilari
- Stækkanlegt minni
- Fullt af tónlistarforritum í boði á Android Market
- Flott hönnun og frábær skjár



Símar fyrir alla frá Samsung. Söluaðilar um land allt.